

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Reykjavík, 12. september 2024
UST202405-120/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dagsett þann 22.5.2024 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram 22.5.2024.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Plöntuverndarvörurnar Sencor SC 600, Zorvec Endavia og Roundup, sem féllu undir umfang eftirlitsins, voru skoðaðar hjá fyrirtækinu og uppfylltu ekki kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Frávik frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. frest til 2.10.2024 til að senda stofnuninni:

- Staðfestingu (kvittun frá viðurkenndri móttökustöð) á að fyrirliggjandi vörubirgðum af Sencor SC 600 hafi verið fargað.
- Staðfestingu (kvittun frá viðurkenndri móttökustöð) á að fyrirliggjandi vörubirgðum af Zorvec Endavia hafi verið fargað.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að íslenskum merkimiða sem tiltækur er hjá leyfishafa og samþykktur hefur verið af Umhverfisstofnun hafi verið komið fyrir á fyrirliggjandi vörubirgðum af Roundup.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202405-120.

Fyrirliggjandi vörubirgðir af vörunum Sencor SC 600 og Zorvec Endavia er óheimilt að markaðssetja miðað við núverandi stöðu.

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. hér með frest til 2.10.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 2.10.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávik sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Kristín Silja Guðlaugsdóttir,
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla